

Leiðarvísir

fyrir

gæzlustjórann við landsvitana við Faxaflóa.

1. gr.

Gæzlustjóri skal hafa á hendi aðalumsjón um hina ofanskráðu vita, skipa fyrir um allt, sem hann álitur að gera þurfi vitunum til viðhalds og sömuleiðis til viðhalds á íbúðarhúsum og öllum húsakynnum vitans, og yfir höfuð um allt, er með þarf til þess, að þeir sjeu í góðu lagi.

2. gr.

Hann skal hafa á hendi alla reikningsfærslu vitanna og senda landshöfðingja reikningana með greinilegum fylgiskjölum í lok hvers árs, ritaða í tvennu lagi.

3. gr.

Við lok hvers vitaárs (15. maí) skal hann senda landshöfðingja greinilega skýrslu um allan hag vitanna hið liðna ár. Í skýrslu þessa skal hann rita, hvað vitanum sje ábótavant, ef nokkuð er, og álit sitt um það, hvernig verði bætt úr því, sem ábótavant er.

4. gr.

Hann skal gæta þess, að ekki sje varið meiru fje til viðhalds og notkunar á vitunum en þeim er ætlað ár hvert, en þó má hann ekkert spara til þess, að vitunum sje haldið sómasamlega við, og að þeir nái tilgangi sínum.

5. gr.

Verði svo miklar skemmdir á vitunum, eða því, sem þeim heyrir til, t. a. m. af sjávargangi eða öðrum orsökum, að hið veitta fje hrökkvi ekki til að bæta skemmdirnar eða varna frekari skaða, þá má gæzlustjóri ekki gera ákvarðanir þar að lútandi nema með samþykki landshöfðingja.

6. gr.

Gæzlustjóri skal standa fyrir öllum útvegnum til vitanna og kynna sjer, hvers vitarnir þurfa hvert ár af neyzluefnum og áhöldum, og ávallt sjá um, að í stað hvers áhalds, sem kann að hafa gengið úr sjer fyrir fyrningar sakir, eða bilun, sem ekki er hægt að bæta, komi aptur nýtt áhald, svo að ávallt sjeu hinar sömu birgðir af öllum þeim verkfærum og áhöldum, sem upphaflega hafa fylgt vitunum, og skal hann krefjast skýrslu um hið ofanskráða atriði af vitaverði ár hvert.

7. gr.

Hann skal fara eptirlitsferð til hvers vita að minnsta kosti tvisvar á ári, og optar, ef með þarf.

8. gr.

Þegar gæzlustjóri heldur sköðunargjörð á vitunum, þá skal hann rannsaka það, sem hjer segir: Hvort brennarinn og ljóskrónan standi rjett, og hvort

snúningur ljóskróunnar fari fram á rjettum tíma, fullvissa sig um að vitinn logi nægilega skært, að loptsúgurinn í vitanum sje í góðu lagi, að ljóskróna og ljóskersrúður sjeu vel fægðar og gljáandi, og að nægur forði sje fyrir hendi af öllum neyzluefnum, gæta að því, að öllum munum vitanna og húsakynnum utan og innan sje haldið sómasamlega við, og ber hann ábyrgð á því, ef vitarnir skyldu eigi koma að fullum notum eða eitthvað í ólagi fara sökum ónógs eptirlits frá hans hálfu.

9. gr.

Að lokinni skoðunargjörð skal hann rita í dagbók vitans, hvenær skoðunargjörðin hafi fram farið, og hafi eitthvað verið athugasvert við vitana, þá skal hann geta þess í dagbókinni, og það svo, að sjá megi, hvort það, sem vitanum eða áhöldum hans kann að vera ábótavant, stafi af hirduleysi vitavardar eða af öðrum orsökum; ritar síðan nafn sitt undir athugasemdir þessar.

10. gr.

Gjóri einhver vitavörður sig sekan í hirduleysi og slæmri meðferð á vitafærum, svo að vitinn hljóti tjón af, þá skal gæzlustjóri senda skýrslu um það til landshöfðingja og tillögur sínar um það, hvort vikja skuli vitaverði frá eða ekki; svo skal hann og láta uppi álit sitt um það, hver settur skuli vitavörður, ef vitavardarstada losnar, eða hverjir vitaverðir skuli fluttir frá einum vita til annars, þar sem er vandasamara starf og hærri laun.

11. gr.

Þegar um einhver störf er að ræða við vitana, annaðhvort smíðar eða annað, sem nokkurri verulegri þeuíngaupphæð nemur, þá skal gæzlustjóri auglýsa verkið fyrir fram og fá tilboð þeirra manna, sem taka vilja verkið að sjer, og velur hann þá það tilboð, sem hann álitur best.

Reykjavík 6. janúar 1898.

Landshöfðingiinn yfir Íslandi.

Magnús Stephensen.

Jón Magnússon.

Reikningur

yfir tekjur og gjöld gjafasjóðs Hannesar prestaskólakennara Arnasonar árið 1897.

6

Tekjur:

1. Sjóður í ársbyrjun (Stj.tíð. 1897 B. 3. bls.):
 - a. Innritunarskirteini Ltra A. fol. 103 kr. 34000 00
 - b. Lán gegn fasteignarveði — 11975 00
 - c. Ógoldnir vextir — 4 00
 - d. Í landsbankanum með sparisjóðskjörum 754 94

kr. 46733 94